

## Byggðamálaráð

### Fundargerð 16. fundar byggðamálaráðs Fjarfundur haldinn 4. mars 2021 kl. 13.00

#### Dagskrá:

1. Skilgreining grunnþjónustu
2. Byggðastefna og aðgerðir í nágrennalöndum
3. Vinna við hvítbók og fimm ára aðgerðaáætlun
4. Næsti fundur

**Mættir:** Ágúst Bjarni Garðarsson formaður, Aðalsteinn Þorsteinsson Hanna Dóra Hólm Másdóttir, Ingveldur Ása Konráðsdóttir, Karl Björnsson, Hermann Sæmundsson, Sigtryggur Magnason, Reinhard Reynisson og Hólmfríður Sveinsdóttir, sem ritaði fundargerð.

#### Umfjöllun og afgreiðsla:

##### 1. Skilgreining grunnþjónustu

Byggðastofnun er framkvæmdaraðili aðgerðar A.18 á byggðaáætlun *Skilgreining opinberrar þjónustu og jöfnun aðgengis*. Þriggja manna starfshópur á vegum stofnunarinnar hefur í samráði við landshlutasamtök sveitarfélaga, Samband íslenskra sveitarfélaga, ráðuneyti og fleiri unnið drög að skilgreiningu og höfðu drögin verið send ráðsmönnum fyrir fundinn. Fulltrúar Byggðastofnunar, þau Laufey Skúladóttir, Kristján Halldórsson og Sigríður Þorgrímsdóttir, mættu á fundinn og kynntu vinnuna. Umræður.

Starfshópurinn vinnur nú að greinargerð með fylgja mun tillögunum. Þegar hún liggur fyrir verður óskað eftir fundi með ráðherra. Gestir yfirlögun fundinn kl. 13.40.

##### 2. Byggðastefna og aðgerðir í nágrennalöndum

Farið var yfir vinnu við samantekt um byggðastefnu og byggðaáætlunir í nágrennalöndum sem unnið er að í tengslum við endurskoðun byggðaáætlunar. Fram kom að vinnan hefur ekki gengið jafn hratt og vonir stóðu til.

##### 3. Vinna við hvítbók og fimm ára aðgerðaáætlun

Farið var yfir vinnu við gerð hvítbókar og fimm ára aðgerðaáætlunar.

##### 4. Næsti fundur

Næsti fundur skv. starfsáætlun ráðsins er 4. maí nk. Ákveðið að halda aukafund þriðjudaginn 16. mars kl. 13.00 þar sem vinna við hvítbók og aðgerðaáætlun verður rædd.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.05.